

## **Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar föstudaginn 17. október 2008 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Árni Davíð Haraldsson, Hulda Sigurðardóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson Jóhanna Helgadóttir, Nanna St. Höskuldsdóttir og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Hreppsnefnd 19.09.08 (*lögð fram*)
- Byggðaráð 07.10.08 (*lögð fram*)

#### **2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.**

- Menningarmiðstöð Þingeyinga - Stjórnarfundur 22.09.08 (*lögð fram*)
- Héraðsráð – 30.09.08 (*lögð fram*)

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar styður fram komnar tillögur að breyttum samþykktum fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga og selur fulltrúa sveitarfélagsins að greiða atkvæði með þeim á fundi Héraðsnefndar föstudaginn 24. október nk.*

- AP - Stjórnarfundur 30.09.08 (*lögð fram*)
- Eyping – Stjórnarfundur 02.10.08 (*lögð fram*)
- Eyping – Aðalfundur 03. – 04.10.08 (*lögð fram*)
- HNE – 113. Fundur 30.09.08 (*lögð fram*)

#### **3. Skýrsla sveitarstjóra.**

*Fulltrúi sveitarstjóra dreifði og fór yfir skýrslu sveitarstjóra.*

*Eftirfarandi bókun gerð:*

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar skorar á ríkisstjórn og alþingi að standa vörð um sparisjóðina í landinu sem eru griðarlega mikilvægir fyrir landsbyggðina og hefur þjónað dreifbýlinu í áratugi og oftar en ekki verið ein af burðardásum byggðarlaganna*

#### **4. Innsend erindi.**

##### **Til kynningar:**

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Kynningarfundir vegna nýrra skólalaga.
- Þórður Skúlason – Kveðjur frá fráfarandi framkvæmdastjóra sambandsins
- Umhverfisstofnun – Svar við ósk um stakkun á gildandi starfsleyfi.

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir furðu sinni á því hversu langan tíma hefur tekið að svara erindi sveitarfélagsins, eða rétt um ár, og er ljóst að dýrmætur aðgerðatími hefur farið forgörðum vegna þessa. Sveitarstjóra falið að koma athugasemd hreppsnefndar á framfari ásamt því að vinna að málínus áfram í samráði við skipulagsþírvöld.*

- Strætó bs. – Nemakort í strætó á höfuðborgarsvæðinu.
- Vegagerðin – Svar við erindi vegna Sauðanesbrúar og Langanesvegar.
- Brunabót – Ágóðahlutagreiðsla 2008.

##### **Til afgreiðslu:**

- Félagsþjónusta Norðurþings – Stefnumótandi framkvæmdaáætlun í barnavernd árin 2007 - 2010.  
*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir fyrirliggjandi tillögu, frá félagsþjónustu Norðurþings, að stefnumótandi framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2007 – 2010.*
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra – Áætluð kostnaðarskipting vegna sveitarfélaga 2009.

Jóhanna

*Samþykkt að vísa áætlaðri kostnaðarskiptingu vegna HNE til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2009.*

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 13. og 14. nóvember.
- Samþykkt að, ásamt sveitarstjóra og fulltrúa sveitarstjóra eigi hver listi í sveitarstjórn Langanesbyggðar þess kost að senda einn fulltrúa á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin verður í Reykjavík dagana 13. og 14. nóvember nk.

##### **5. Samþykkt um stjórn og fundarskóp Langanesbyggðar.**

*Hugmyndum að samþykktarbreytingum vísað til annarrar umræðu til afgreiðslu.*

*Fundargerð samþykkt samhljóða.*

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:23*

Björn Þór R.  
Björn P.  
Nanna Þóskubösch  
Guðrún Þóskubösch  
Jóhanna Þólgad.

Asgja Jónína  
Ari Þórir Haraldsson